

Alþingi
Erindi nr. P 132/931
komudagur 21.2.2006

Bandalag íslenskra listamanna.
c/o Margrét Bóasdóttir, ritari
Snorrabraut 71,
105 Reykjavík.

Reykjavík 20.2.2006

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Stjórn BÍL, Bandalags íslenskra listamanna, gerir ekki athugasemd við þær lagabreytingar sem lagðar eru til á frumvarpi til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Stjórn BÍL vill hins vegar benda á mikilvægi þeirra réttinda sem Ríkisútvarpið hefur haft til að hljóðrita tónlist með Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði á tónleikum og í hljóðveri.

Stjórn BÍL telur afar mikilvægt að sá ávinningur sem íslenskt tónlistarlíf og menningarsaga landsins hafa haft af samstarfi RUV og SÍ og þessum réttindum, glatist ekki með tilkomu hins nýja rekstrarforms.

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Margrét Bóasdóttir
ritari.

Samtökin Hollvinir RÚV

kt. 411203-2390

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. feb. 2006

Efni: *Umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál.*

Ofangreint frumvarp hefur borist Hollvinasamtökum Ríkisútvarpsins til umsagnar og sjá samtökin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við breytingar á rekstrarþátttöku sem frumvarpið boðar enda virðist það ljóst að verði umrætt frumvarp um Sinfóníuhljómsveitina og frumvarp um Ríkisútvarpið hf. að lögum samtímis, þá muni starfsemi hljómsveitarinnar ekki bíða skaða af.

Fyrir hönd Samtaka Hollvina Ríkisútvarpsins:



Margrét Sverrisdóttir, form.
Valgeir Sigurðsson, varaform.
Þorgrímur Gestsson ritari
Viðar Hreinsson
Þór Magnússon
Ragnheiður Tryggvadóttir
Hörður Áskelsson
Lárus Ýmir Óskarsson



ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Íslensk málnefnd - Háskóli Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 132/901
komudagur 17.2.2006

Menntamálanefnd
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. febrúar 2006

Efni: Umsögn Íslenskrar málstöðvar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið hf., 401. mál, og frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál

Vísað er til bréfs yðar, dags. 26. janúar 2006, þar sem frumvörp til laga um Ríkisútvarpið hf. og Sinfóníuhljómsveit Íslands voru send Íslenskri málstöð til umsagnar.

Lagafrumvarp um Ríkisútvarpið hf., 401. mál:

Um 1. tölulið 3. gr.: Ákvæði töluliðarins er í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Það er sannarlega mjög í anda íslenskrar málstefnu að fyrsti efnisþáttur fyrsta töluliðar hlutverksgreinarinnar segi að útvarpsþjónusta í almannapágu feli í sér að leggja rækt við íslenska tungu.

Um 6. grein: Þessi grein er byggð á 5. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þýðingar á efni á erlendu máli eru nauðsynlegar, sem meginregla, enda færi annað í bága við 1. tölulið 3. gr.

Lagafrumvarp um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál:

Engar athugasemdir eru gerðar við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

ÍSLENSK MÁLSTÖÐ
Ari Páll Kristinsson

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi

Erindi nr. Þ 132/773

komudagur 7.2.2006



Menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2006

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál, rekstraraðilar.

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst,
ÍSÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

Stefnir Konráðsson
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN



AUSTURBAKKI 



ICELANDAIR 

Alþingi
Erindi nr. P 132/844
komudagur 14. 2. 2006

Til: Menntamálanefndar Alþingis
Frá: Kvikmyndaskoðun

Kvikmyndaskoðun hefur borist til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál þingsins.

Í ljósi þess hlutverks sem Kvikmyndaskoðun gegnir lögum samkvæmt telst það efni sem leitað er umsagnar vegna með þeim hætti að það snert óverulega eða alls ekki þau verkefni sem Kvikmyndaskoðun eru ætluð. Kvikmyndaskoðun telur því ekki efni eða ástæðu til að segja álit sitt á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

f.,h. Kvikmyndaskoðunar

Guðjón Bjarnason forstöðumaður

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/915
komudagur 17.2.2006


Reykjavík, 17. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Undirritaður telur að löngu sé tímabært að rofin séu hin rekstrarlegu tengsl milli Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem kveðið er á um í lögum nr. 36/1982. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er framlagning þess liður í endurskipulagningu á rekstri Ríkisútvarpsins.

Eindregið er mælt með því að frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,



Páll Magnússon
útvarpsstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 132/880
komudagur 16.2.2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands, 402. mál, rekstraraðilar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, hefur borist beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982 um Sinfóníuhljómsveit Íslands.


Frumvarp þetta er lagt fram samhliða frumvarpi um Ríkisútvarpið hf. og ber að skoða þau samhliða.

1. Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að lagaskylda sú sem hvílt hefur á Ríkisútvarpinu og Seltjarnarnesbæ um þátttöku í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði felld niður og að framlag ríkissjóðs hækki sem nemur þessum framlögum úr 56% í 82%. Við þessa breytingu gerir stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands ekki athugasemdir, enda út frá því gengið að þetta muni ekki hafa neina breytingu á starfsemi hljómsveitarinnar í för með sér
2. Við viljum hins vegar benda á að skv. 7. gr. gildandi laga um hljómsveitina skal Ríkisútvarpið tilnefna fulltrúa í verkefnavalsnefnd. Að teknu tilliti til breytinga skv. lið 1. getur það naumast talist eðlilegt að Ríkisútvarpið, sem lagt verður niður, skipi fulltrúa í nefndina. Við leggjum því til að 7. gr. verði felld niður. Stjórn hljómsveitarinnar getur skipað verkefnavalsnefnd ef henni sýnist svo. Til vara má hugsa sér að stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands skipi þennan fulltrúa.
3. Í frumvarpinu verður að koma skýrt fram að ríkissjóður yfirtaki skuldir Ríkisútvarpsins gagnvart hljómsveitinni. Í fyrirliggjandi frumvarpi er þess hvergi getið að heildarskuld RÚV við hljómsveitina nema nú um 626 m.kr. og hefur þá ekki verið tekið tillit til þess árshluta sem liðinn verður frá s.l. áramótum og til þess tíma er lögin munu taka gildi. Hljómsveitin skuldar ríkissjóði sambærilega upphæð. Það verður því að koma skýrt fram í væntanlegum lögum að ríkissjóður yfirtaki þessa skuld Ríkisútvarpsins við hljómsveitina.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við fyrrnefnt frumvarp.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands


Þröstur Ólafsson, framkv.stj.

Landsbankinn

Landsbanki Íslands er aðalstyrktaraðili
hljómsveitarinnar á tónleikaferðum erlendis

Háskólabíó við Hagatorg
107 Reykjavík
Sími 545 2500
Fax 562 4475
www.sinfonia.is
sinfonia@sinfonia.is

Listrænn stjórnandi og aðalhljómsveitarstjóri: Rumon Gamba
Heiðursstjórnandi: Vladimir Ashkenazy

Alþingi
Erindi nr. P 132/969
komudagur 23.2.2006

Menntamálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljóm-
sveit Íslands (þskj. 518. – 402. mál).

Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands (SMFSÍ) hefur borist umsagnarbeiðni
menntamálanefndar um frumvarp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. SMFSÍ gerir
nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

SMFSÍ er ekki mótfallið því að Ríkissjóður taki að sér framlag Ríkisútvarpsins til rekstrar
Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Félagið bendir þó á sögulegt og menningarlegt gildi sam-
starfs SÍ og RÚV. SMFSÍ telur ýmis mál óleyst varðandi áframhaldandi samstarf SÍ og
RÚV og telur brýnt að búið verði svo um hnútana að skýrt sé kveðið á um það í lögum
hvernig samstarfi þeirra verði háttað í framtíðinni. Að öðrum kosti verði gerður sam-
starfssamningur milli stofnananna tveggja, samhliða lagabreytingunum.

SMFSÍ bendir á misræmi í lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands, ef frumvarp þetta
verður samþykkt. Í 4. mgr. 3. gr. segir að samningur skuli gerður á milli SÍ og RÚV „á
móti framlagi útvarpsins“. Breyta verður orðalagi málsgreinarinnar ef b-liður 1. mgr. 3.
gr., um framlag útvarpsins, fellur brott.

SMFSÍ telur rétt að hljóðfæri sem keypt hafa verið til notkunar í Sinfóníuhljómsveit
Íslands en eru eign Ríkisútvarpsins komi í hlut SÍ þegar lagaleg tengsl stofnananna
tveggja verða rofin.

SMFSÍ telur nauðsynlegt að listrænum sjónarmiðum sé gert hærra undir höfði innan
stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Með því skerpist listræn stefnumótun hljóm-
sveitarinnar og stjórn SÍ veitir hljóðfæraleikum og öðru starfsfólki SÍ nauðsynlegan
stuðning til listrænna afreka. Í þessu sambandi má benda á hvernig skipað er í
Þjóðleikhúsráð. Því gerir SMFSÍ eftirfarandi tillögu að breytingu á frumvarpinu:

2. gr. hljóði svo:

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 1. másl. 4. gr. laganna kemur: Félagi íslenskra
hljómlistarmanna.

SMFSÍ telur engin rök styðja að Ríkisútvarpið eigi fulltrúa í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar, ef lagaleg tengsl hennar við RÚV verða rofin. Því gerir SMFSÍ eftirfarandi tillögu um breytingu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníu-
hljómsveit Íslands:

Við bætist ný grein, er verði 3. gr., svohljóðandi:

Í stað orðsins „Ríkisútvarpinu“ í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: Félagi íslenskra hljómlistarmanna.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd SMFSÍ,


Hrafnkell Orri Egilsson
formaður

ÚTVARPSRÉTTARNEFND

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/932
komudagur 21. 2. 2006

Menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2006

Útvarpsréttarnefnd vísar til bréfa menntamálanefndar Alþingis dags. 26. janúar 2006 þar sem útvarpsréttarnefnd eru send til umsagnar frumvörp til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands og Ríkisútvarpið hf.

Nefndin telur ekki efni til að hún taki afstöðu til frumvarpanna.

F.h. formanns útvarpsréttarnefndar
Benedikts Bogasonar



Rakel Björnsdóttir
starfsmaður nefndarinnar



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/822
komudagur 10.2.2006

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elísabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2006.


Efni: Frv. til I. um br. á I. um Sinfóníuhljómsveit Ísl. (402. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur það í sér að ríkissjóður greiði framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem Ríkisútvarpið greiddi áður.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur fram að útgjöld ríkisins muni aukast um 138 milljónir króna. Í raun er hér því um auknar fjárveitingar til Ríkisútvarpsins um 138 milljónir að ræða. Viðskiptaráð minnir á að Ríkisútvarpið er í samkeppni við einkaaðila um áhorfendur og auglýsendur. Sú samkeppnisstaða er veruleg skeytt með framlögum ríkisins auk lögboðnum afnotagjöldum. Viðskiptaráð telur eðlilegt að ríkið hætti rekstri Ríkisútvarpsins. Að minnsta kosti ætti að vera hægt að gera þá lágmarkskröfu að framlög til stofnunarinnar séu ekki aukin. Aukinheldur telur ráðið að fjármunum ríkissjóðs væri betur varið til að lækka skatta eða borga niður skuldir í stað þess að starfrækja Sinfóníuhljómsveit.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson